



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær - bæjarritari  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 4. júní 2018  
2017050126

## Efni: 622. mál - Umsögn bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Á 1019. fundi bæjarráðs sem haldinn var 4. júní 2018 var lagður fram tölvupóstur Kristjönu Benediktsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 30. maí sl. þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar gerir eftirfarandi umsögn um frumvarpið:

### „Afstaða Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær hefur kynnt sér frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ísafjarðarbær vill í upphafi koma á framfæri ábendingu um allt of skamman tíma til umsagnar sem takmarkar möguleika á að fara djúpt í efnisatriði fyrirbyggjandi draga. Þá bendir Ísafjarðarbær á að lítið sem ekkert samráð hafi verið haft við sveitarfélög við gerð frumvarpsins og telur það afar óheppilegt.

Að teknu tilliti til umfangs nýrrar löggjafar og skamms tímafrests til viðbragða frá opinberun frumvarpsins telur Ísafjarðarbær það afar brýnt að Persónuvernd setji fræðslu- og leiðbeiningarhlutverk sitt í forgrunn og gæti meðalhófs í beitingu sekta fyrst um sinn. Starfsemi sveitarfélaga er umfangsmikil og fer þar fram margvísleg vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga í tengslum við skólastarf, félagsþjónustu, öldrunarþjónustu, barnavernd, leyfisveitingar og starfsmannahald. Innleiðing á nýrri persónuverndarlöggjöf í starfsemi sveitarfélaganna er afar tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni og því er mikilvægt að þeim verði veitt svigrúm næstu misseri til þess að ljúka þeirri vinnu og þar með standast strangar kröfur laganna en ósanngjarnt er að ætlast til þess að slíkri vinnu sé lokið mánuði eftir að þau fá frumvarpið í hendurnar.

### Tímafrestir

Það veldur Ísafjarðarbæ töluverðum áhyggjum hve skamman tíma stjórnvöld virðast ætla gefa sér í að innleiða jafn umfangsmikið regluverk og hér um ræðir. Að sama skapi áréttar Ísafjarðarbær framangreinda ábendingu um skamman tímafrest til umsagnar og telur að færa megi rök fyrir því að svo skammur tími þjóni varla tilgangi sínum þar sem auðvelt er að yfirsjást mikilvægt atriði í fljótfærni við að koma umsögninni til skila.

Enn fremur er mikilvægt að opinberir aðilar sem og einkaaðilar fái raunhæfan frest til að ráðast í innleiðingu á regluverkinu og úrbætur á starfsemi sinni samkvæmt því en frumvarpsdrög hafa einatt legið fyrir í u.þ.b. mánuð og ljóst að sá tími sé bæði óraunhæfur

og ósanngjarn til að innleiða svo flókið regluverk þar sem vanda þurfi til verka í öllum aðgerðum. Kallar regluverkið á aukna fræðslu um umfang og efni reglugerðarinnar en jafnframt leiðir það af sér aukin kostnað fyrir sveitarfélög.

Vill Ísafjarðarbær í þessu sambandi taka undir bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga af 855. fundi sínum þann 15. desember 2017 en þar segir:

„Vegna þessa vill stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga áréttta mikilvægi þess að jafn viðamikili mál fái vandaða umfjöllun og samráð og að ekki megi gefa afslátt af slíkum kröfum. Skammur fyrirvari á lagasetningu kallar einnig á að skoðaðir verði mögulegar á aðlögunarfrestum fyrir sveitarfélögin. Ný persónuverndarlöggjöf er afar umfangsmikil og mun hafa gríðarlega mikil áhrif á opinbera aðila sem og einkaaðila.“

### **Sektarákvæði**

Ísafjarðarbær vill áréttta og á sama tíma taka undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga um sektarákvæði frumvarpsins sem sett voru fram í umsögn við frumvarpsdrög dags. 19. mars 2018 en þar segir:

„Sambandið telur mikilvægt að ekki sé gengið lengra við innleiðingu reglugerðarinnar en nauðsyn ber til. Bendir sambandið sérstaklega á sektargreiðslur í þessu sambandi. Það að innleiða mögulegar sektargreiðslur á hendur sveitarfélögum fyrir allt að 2,4 milljörðum króna getur haft veruleg og úrslitaáhrif á rekstur og afkomu sveitarfélaga. Telur sambandið með öllu óskiljanlegt af hverju gengið er jafn langt við innleiðingu sérstaklega í ljósi þess að reglugerðin leggur það alfarið í hendur ríkja hvort eigi yfir höfuð að innleiða sektir gagnvart opinberum aðilum og þá að hve miklu leyti. Sambandið bendir á að nokkur ríki, eins og t.d. Austurríki hafa ákveðið að sektir verði ekki felldar á opinbera aðila meðan lönd eins og Svíþjóð ætla að fella mun lægri sektir á opinbera aðila en það hámark sem fram kemur í reglugerðinni.

Mikilvægt er að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga og annarra opinberra aðila sem sinna lögboðinni þjónustu er allt annars eðlis heldur en rekstur á markaðsforsendum. Ljóst er að greiðsla sekta verður ekki sótt annars staðar en af skatttekjum sveitarfélagsins sem þýðir almennt minna fjármagn til að sinna lögbundinni þjónustu eins og rekstri grunnskóla og veitingu félagsþjónustu eða hærri innheimtu skatta og gjalda. Telur sambandið mun eðlilegra að áfram verði um að ræða heimildir Persónuverndar til að krefja opinbera aðila um breytingu á framkvæmd og ferlum og aukið samráðsferli á milli ábyrgðaraðila og Persónuverndar enda eru slík úrræði til þess fallin að ná markmiðum laganna. Sé það mat löggjafans að sektir séu nauðsynlegar þá þurfi það hið minnsta að vera mun lægri en í tilvikum aðila sem reka þjónustu á markaðsforsendum.

Telur sambandið afar mikilvægt að þessi heimild sé skoðuð vandlega og afleiðingar hennar metnar enda stjórnvaldssektir þess eðlis að eingöngu þarf að sýna fram á brot á reglum en ekki þarf að sýna fram á ásetning eða gáleysi, né að tjón hafi orðið.“

### **Skýrleiki lagaheimilda fyrir vinnslu persónuupplýsinga**

Ísafjarðarbær telur undirbúning við setningu nýrra persónuverndarlaga vera allt of skammt á veg kominn af hálfu stjórnvalda til þess að lögin taki gildi fyrir þinghlé. Eins telur

Ísafjarðarbær það hvorki raunhæft né skynsamlegt að gera kröfu um reglufylgni samkvæmt efni frumvarpsins til þeirra aðila sem lögin taka til þegar frumvarpið hefur verið opinbert almenningi í jafn stuttan tíma og raun ber vitni enda verði að leggja efni laganna til grundvallar í allri innleiðingar- og úrbótavinnu.

Ekki hefur verið gert ráð fyrir nauðsynlegum lagabreytingum sem ráðast þarf í samhliða gildistöku nýrra persónuverndarlaga til að tryggja skýrleika lagaheimilda á lögbundnum verkefnum sveitarfélaga. Með nýjum lögum er það skilyrði sett að lagaheimild sem vinnslur ábyrgðaraðila byggja á séu skýrar og tilgangur þeirra ljós. Verði ekki gripið til nauðsynlegra lagabreytinga samhliða nýjum persónuverndarlögum skapast vandamál þar sem ekki verður lengur hægt að styðjast við óskýrar lagaheimildir. Það er algjörlega ótækt sveitarfélög geti ekki sinnt grunnþjónustu þar sem ekki hafa verið gerðar ráðstafanir til að tryggja skýrleika lagaheimilda með sérlögum. Í því samhengi tekur Ísafjarðarbær undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpsdrög dags. 19. mars 2018 en þar segir:

„Eins telur sambandið nauðsynlegt að skoða hvort setja þurfi sérlög eða heimildir á sviðum þar sem unnið er með mikið af viðkvæmum persónuupplýsingum eins og í vinnurétti. Þá þurfi að skoða vandlega hvort gildandi lagaheimildir til vinnslu persónuupplýsinga séu nægjanlegar fyrir starfsemi sveitarfélaga eins og í grunnskólum, leikskólum og í félagsþjónustu til að tryggja að lögin geti komið til framkvæmda. Enda ljóst að sveitarfélög verða mjög gagnrýnin við að afhenda gögn utan þeirra nema skýr lagaheimild sé fyrir hendi af ótta við boðuð viðurlög.“

#### **Sérstök skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga**

Það er mat Ísafjarðarbæjar að tiltaka þurfi sérstaklega starfsemi barnaverndarnefnda í viðeigandi tölulið 11. gr. frumvarpsins sem sérstök skilyrði fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Í núverandi mynd ákvæðisins er erfitt að setja verkefni barnaverndarnefnda í samhengi við töluliði 11. gr. frumvarpsins, þó dæmi séu um að vísað hafi verið í 2. tl. og 8. tl. í því skyni, er það til þess fallið að valda ruglingi.

#### **Að lokum**

Það er von Ísafjarðarbæjar að tekið verði mið af umsögn þessari við meðferð málsins á Alþingi enda miklir hagsmunir í húfi fyrir sveitarfélögin, hið opinbera og samfélagið í heild. Umfram það sem hér hefur verið ritað tekur Ísafjarðarbær að öllu leyti undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 19. mars sl. við frumvarpsdrög sem birt voru í samráðsgátt sveitarfélaga 9. mars sl. Í ljósi skamms tíma sem veittur er til umsagnar við lagafrumvarpið áskilur Ísafjarðarbær sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.“

Umsögnin telst hér með komið á framfæri við nefndarsvið Alþingis.

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif Sigurðardóttir,  
bæjarritari

